Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1398
komudagur 3.3.2003

**Lögmenn.is ehf**
**Ágúst Sindri Karlsson, hdl**
**Skipholti 50d, 105 Reykjavík**
**Sími 520 7700, fax 511 3410**

Reykjavík, 28. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM PÓST OG FJARSKIPTASTOFNUN, 600. MÁL, HEILDARLÖG, EES REGLUR.**

Vísað er til bréfs Nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2003, varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Íslandssíma hf.

**1. Eftirlitsúrræði - 5.gr.**

Í greininni er mjög ítarleg ákvæði um úrræði Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 8.mgr. 5.gr. er m.a. ákvæði sem gæti verið verulega íþyngjandi fyrir fjarskiptafyrirtæki. Þess vegna er lagt til að ákvæðið byrji þannig "Vanræki fjarskiptafyrirtæki eða póstrekandi **verulega** skyldur sínar ..." Þá væri einnig rétt að hengja við ákvæðið að málskot slíkrar ákvörðunar fresti ákvörðun.

**2. Annað**

Að öðru leyti en því sem ofan greinir virðist frumvarpið vera til bóta. Mikilvæg ákvæði svo sem lausn deilumála, bráðabirgðaákvörðum P&F og fleiri sambærileg ákvæði eru vel orðuð og gefa ekki tilefni til athugasemda.

Að lokum þá lýsir Íslandssími áhuga á að funda með samgöngunefnd vegna málsins.

Virðingarfyllst
F.h. Íslandssíma hf.

Ágúst Sindri Karlsson, hdl.